

Starfsleyfisskilyrði
Kampa ehf.
Hafnargötu 41, 415 Bolungarvík
kt. 571007-1690

Krafa er um að farið verði að eftirfarandi skilyrðum og kröfum í fylgibréfi þessu, sem er hluti af starfsleyfi fyrirtækisins

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt, sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda:

- Almenn skilyrði vegna mengunarvarna sbr. auglýsing nr. 582/2000
- Starfsreglur fyrir heitloftspurrkun fiskafurða.
- Frekari skilyrði fyrir leyfinu sem fram koma í fylgibréfi þessu og eru hluti af starfsleyfinu.

Starfsleyfi fyrir, Kampa ehf kt. 571007-1690 til reksturs heitloftspurrkunar rækjuskeljar að Hafnargötu 41, 415 Bolungarvík .

Starfsleyfisskilyrði fyrir heitloftspurrkun fiskafurða.

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir heitloftspurrkun á 15 tonnum af rækjuskel á sólarhring. Leyfið fellur úr gildi flytjist starfsemin eða skipti um eigendur. Gildistími starfsleyfis er 12 ár frá útgáfudegi.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan samhliða rekstur er að ræða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með starfseminni. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Afstöðumynd af stöðinni sem sýnir m.a. frárennslislagnir og hreinsivirki sem kunna að vera til staðar, og safna skal upplýsingum um breytingar, viðhald og tæmingu þeirra.
 - b) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
 - c) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í fyrirtækinu ásamt viðhaldi búnaðarins.
 - d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
 - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjótt við ef mengunaróhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á.
 - f) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna starfseminnar.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum án fyrirvara. Verði meiriháttar breytingar á rekstrinum eða breytingar sem gætu leitt til aukinnar mengunar að

mati Heilbrigðiseftirlitsins ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.

2. Hráefni til vinnslu

- 2.1 Allt hráefni og allan úrgang skal geyma innan dyra eða á annan hátt sem Heilbrigðiseftirlitið getur samþykkt.
- 2.2 Einungis skal nota ferskt og gott hráefni í vinnsluna og það kælt og ísað, þannig að hiti í því fari ekki yfir 4° C við flutning og 2° C við geymslu.
- 2.3 Taka skal hráefni til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Hráefni skal að jafnaði ekki geyma lengur en tvo sólarhringa í hráefnisgeymslu.

3. Spilliefni og hættulegur úrgangur

- 3.1 Eftirfarandi flokkast undir spilliefni:
 - a. Allar úrgangsolíur og olíuleifar.
 - b. Leifar kælimiðla.
 - c. Rafgeymar.
 - d. Önnur spilliefni skv. viðauka
- 3.2 Aðeins viðurkenndir þjónustuaðilar kælikerfa skulu tæma og fjarlægja kælimiðla og skal fá staðfestingu þeirra á tæmingu.
- 3.3 Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna eða blanda þeim saman við annan úrgang.
- 3.4 Safna skal öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi fyrirtækisins og skila reglulega til viðurkenndra flutningsaðila eða móttökustöðva. Við afhendingu spilliefna skal haldið eftir vottorði fyrir móttökunni þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar.
- 4.2 Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Vélar og tæki, hráefni, úrgang og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum. Athafnasvæði fyrirtækisins skal lagt bundnu slitlagi og geymslusvæði girt af eftir þörfum. Geymsla á óhreinum körum og kössum utandyra er óheimil.
- 4.3 Iðnaðarskólp skal forhreinna áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka í samráði við heilbrigðiseftirlit.
- 4.4 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.
- 4.5 Gufuna sem þurrkunin gefur frá sér skal setja í gegnum þétti sem breytir henni í vatn sem leitt er í frárennsli.
- 4.6 Afsog frá þurrkun skal leitt upp fyrir þakbrún samliggjandi húsa og hærra ef þörf krefur.
- 4.7 Viðhald fyrirtækisins á þurrkunarbúnaði, vélum og mengunarvarnabúnaði skal miðast við að halda mengun í lágmarki.
- 4.8 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð um hávaða.

- 4.9 Stefnit skal að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar og spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa. Spilliefnum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku.
- 4.10 Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrífist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirrahættulegu efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum. Verði rekstrinum hætt skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að ekki valdi mengunar- eða slyshættu.

5. Eigið eftirlit

- 5.1 Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem jafnóðum er skráð:
- Hitastig og ferskleiki hráefnis sem tekið er til vinnslu. Fylgja skal sérstakri mæliáætlun sem hljóta skal samþykki Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.
 - Niðurstöður af reglulegu eftirliti með mengunarvarnabúnaði ásamt upplýsingum um viðhald sem tengist mengun frá starfsemi og bilanir sem geta haft áhrif á mengun frá henni.

6. Ýmis ákvæði

- 6.1 Þurrkuninni er skylt að sjá svo um, að á öllu athafnasvæði verkunarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Húsnæði og umhverfi skal halda snyrtilegu.
- 6.2 Eintök af skilyrðunum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 6.3 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 6.4 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða ef starfsemi fyrirtækisins er hætt.
- 7.2 Flytji eða leggist starfsemi niður skal öllum spilliefnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefnaúrgang.

Bolungarvík, XX.XX XXXX

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða

Anton Helgason
Fr.st. heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi nr. 582/2000

Gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingu og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Almennt

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánanlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

Lóð og húsnæði

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Mengunarvarnir

- 3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.
- 3.2 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.
- 3.3 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennslislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
- 3.4 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang eins og við á.
- 3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi kælimiðla og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.

Eftirlit

- 4.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.

Skv. auglýsingu frá Umhverfissráðuneyti í ágúst 2000